



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu
1. janúar til 31. mars 2023

Orkuveita Reykjavíkur

kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2023	2022	2021	2020	2019
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	16.174	15.664	13.749	13.265	12.643
Rekstrarkostnaður	(6.390)	(5.369)	(4.495)	(4.718)	(4.717)
þ.a. orkukaup og flutningur	(2.289)	(1.847)	(1.684)	(1.560)	(1.495)
EBITDA	9.784	10.295	9.253	8.547	7.926
Afskriftir	(3.829)	(3.302)	(3.336)	(3.080)	(2.829)
Rekstrarhagnaður EBIT	5.955	6.993	5.917	5.466	5.097
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	31	8	7	102	165
Greidd vaxtagjöld	(1.465)	(1.039)	(976)	(1.061)	(940)
Handbært fé frá rekstri	7.843	3.741	7.653	6.076	6.888
Veltufé frá rekstri	7.893	7.962	6.990	5.975	5.542
Lausafé					
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	12.112	15.046	12.839	12.272	3.802
Handbært fé	4.876	7.322	14.967	10.796	4.610
Óáðregnar lánalínur	9.100	7.570	13.133	9.300	11.000
Lausafé samtals	26.088	29.938	40.939	32.368	19.412

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk OR er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðarakerfi, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfélaga. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 nam 2.345 milljónum kr. (1.1.-31.3.2022: hagnaður að fjárhæð 6.782 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 var neikvæð um 383 milljónir kr. (1.1.-31.3.2022: jákvæð um 5.689 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 448.364 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 450.870 milljónir kr.). Eigið fé nam 246.053 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 246.436 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 54,9% (31.12.2022: 54,7%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2023 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023.

Reykjavík, 22. maí 2023.

Í stjórn fyrirtækisins:

Gylfi Magnússon
Vala Valtýsdóttir
Skúli Helgason
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Þórður Gunnarsson
Valgarður Lyngdal Jónsson

Forstjóri:

Sævar Freyr Þránínsson

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. mars 2023

	Skýr.	2023 1.1.-31.3.	2022 1.1.-31.3.
Rekstrartekjur	4	16.171.384	15.655.640
Söluhagnaður		2.649	8.304
Rekstrartekjur samtals		16.174.033	15.663.944
Orkukaup og orkuflutningur		(2.289.285)	(1.846.996)
Laun og launatengd gjöld		(2.318.424)	(1.992.325)
Annar rekstrarkostnaður		(1.782.332)	(1.529.369)
Rekstrargjöld samtals		(6.390.040)	(5.368.689)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		9.783.993	10.295.255
Afskriftir		(3.828.778)	(3.302.022)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		5.955.215	6.993.233
Vaxtatekjur		84.562	45.110
Vaxtagjöld		(4.301.219)	(2.924.132)
Aðrar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum		1.378.632	6.683.185
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	(2.838.026)	3.804.163
Áhrif hlutdeildarféлага		6.650	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.123.840	10.797.396
Tekjuskattur		(778.976)	(4.015.572)
Hagnaður tímabilsins		2.344.864	6.781.824
Skipting hagnaðar			
Eigendur fyrirtækisins		2.344.839	6.781.824
Minnihluti í dótturfélögum		25	0
Hagnaður tímabilsins		2.344.864	6.781.824

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2023

	2023	2022
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Hagnaður tímabilsins	2.344.864	6.781.824
Önnur heildarafkoma		
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur	(2.727.621)	(1.092.388)
Önnur heildarafkoma eftir skatta	(2.727.621)	(1.092.388)
Heildarafkoma	<u>382.757</u>	<u>5.689.436</u>

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 31. mars 2023

	Skýr.	31.3.2023	31.12.2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		402.985.490	406.760.917
Óefnislegar eignir		2.962.963	3.106.779
Leigueign		2.200.444	2.180.951
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		87.914	81.264
Eignarhlutar í öðrum félögum		55.680	55.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		1.905.189	1.448.798
Áhættuvarnarsamningar		78.285	78.545
Tekjuskatteign		3.465.083	3.759.231
Fastafjármunir samtals		413.741.048	417.472.164
Birgðir		1.802.711	1.881.036
Verk í vinnslu		630.819	416.817
Viðskiptakröfur	7	7.790.005	6.360.401
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		235.774	110.312
Eignarhlutur til sölu	10	5.632.000	5.632.000
Áhættuvarnarsamningar		234.645	346.984
Aðrar skammtímakröfur		899.468	692.873
Fyrirframgreiddur kostnaður		409.423	236.167
Markaðsverðbréf		12.112.322	11.070.605
Handbært fé		4.875.805	6.650.749
Veltufjármunir samtals		34.622.972	33.397.944
Eignir samtals		448.364.020	450.870.108
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		120.022.097	121.092.491
Bundinn hlutdeildarreikningur		76.553.013	74.657.104
Bundið eigið fé vegna þróunar		86.000	111.277
Gangvirðisreikningur		5.232.000	5.232.000
Þýðingarmunur		8.815.957	11.543.578
Óráðstafað eigið fé		35.343.892	33.799.290
Eigið fé móðurfyrirtækis		246.052.959	246.435.741
Hlutdeild minnihluta		355	337
Eigið fé samtals		246.053.313	246.436.078
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		147.731.507	151.000.804
Leiguskuld		2.054.751	2.076.354
Lífeyrisskuldbinding		679.711	668.460
Áhættuvarnarsamningar		52.051	40.275
Tekjuskattsskuldbinding		20.759.959	21.047.364
Langtímaskuldir samtals		171.277.977	174.833.258
Viðskiptaskuldir		3.468.908	3.673.238
Vaxtaberandi skuldir		19.658.869	19.805.390
Leiguskuld		193.805	190.640
Áhættuvarnarsamningar		127.301	150.384
Fyrirframinnheimtar tekjur	7	967.746	596.681
Tekjuskattur til greiðslu		611.173	1.490.981
Aðrar skammtímaskuldir		6.004.927	3.693.458
Skammtímaskuldir samtals		31.032.730	29.600.771
Skuldir samtals		202.310.707	204.434.030
Eigið fé og skuldir samtals		448.364.020	450.870.108

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2023

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-31.3. 2023									
Eigið fé 1. janúar 2023	121.092.491	74.657.104	111.277	5.232.000	11.543.578	33.799.290	246.435.741	337	246.436.078
Þýðingarmunur					(2.727.621)		(2.727.621)		(2.727.621)
Hagnaður tímabilsins						2.344.839	2.344.839	25	2.344.864
Heildarafkoma	0	0	0	0	(2.727.621)	2.344.839	(382.782)	25	(382.757)
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(1.070.394)					1.070.394	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram móttekinn arð		1.895.909				(1.895.909)	0		0
Aðrar breytingar								(7)	(7)
Bundið eigið fé vegna þróunar			(25.278)			25.278	0		0
Eigið fé 31. mars 2023	120.022.097	76.553.013	86.000	5.232.000	8.815.957	35.343.892	246.052.959	355	246.053.314
1.1.-31.3. 2022									
Eigið fé 1. janúar 2022	101.733.552	66.451.877	123.873	5.695.000	6.307.814	33.340.963	213.653.079	0	213.653.079
Þýðingarmunur					(1.092.388)		(1.092.388)		(1.092.388)
Hagnaður tímabilsins						6.781.824	6.781.824	0	6.781.824
Heildarafkoma	0	0	0	0	(1.092.388)	6.781.824	5.689.436	0	5.689.436
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(976.573)					976.573	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram móttekinn arð		144.823				(144.823)	0		0
Bundið eigið fé vegna þróunar			107.868			(107.868)	0		0
Eigið fé 31. mars 2022	100.756.980	66.596.700	231.741	5.695.000	5.215.426	40.846.668	219.342.515	0	219.342.515

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2023

	2023 1.1.-31.3.	2022 1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	2.344.864	6.781.824
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.838.026	(3.804.163)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(6.651)	0
Tekjuskattur	778.976	4.015.572
Afskriftir	3.828.778	3.302.022
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(2.649)	(8.304)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	11.250	34.697
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	9.792.595	10.321.647
Birgðir, lækkun (hækkun)	78.325	(222.034)
Verk í vinnslu, hækkun	(230.167)	0
Skammtímakröfur, hækkun	(1.757.802)	(2.214.617)
Skammtímaskuldir, hækkun	1.557.772	1.212.665
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	9.440.722	9.097.661
Innborgaðar vaxtatekjur	31.294	7.773
Greidd vaxtagjöld	(1.464.932)	(1.038.762)
Greiddir vextir vegna uppgjörs gjaldmiðlasamninga (dómsmál)	0	(2.578.937)
Mótttekinn arður	190.285	163.856
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	63.524	(1.497.605)
Greiddir skattar	(417.715)	(412.555)
Handbært fé frá rekstri	7.843.179	3.741.431
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(4.673.710)	(4.412.792)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(144.831)	(239.603)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	41.203	13.116
Breyting á markaðsverðbréfum	(857.842)	(498.089)
Fjárfestingarhreyfingar	(5.635.180)	(5.137.368)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	0	1.555.584
Afborganir langtímaskulda	(3.828.766)	(3.059.721)
Afborganir leiguskulda	(46.075)	(26.686)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.874.841)	(1.530.823)
Lækkun á handbæru fé	(1.666.843)	(2.926.760)
Handbært fé í ársbyrjun	6.650.749	10.319.874
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(108.101)	(71.297)
Handbært fé í lok tímabilsins	4.875.805	7.321.817
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	441.360	745.854
Skammtímaskuldir, breyting	(441.360)	(745.854)
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri*	7.892.774	7.961.616

* Samanburðarfjárhæðum breytt vegna endurflokkunar á gangvirðisbreytingum áhættuvarnarsamninga

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðara á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		31.3.2023	31.12.2022
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
ON Power ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	99,9%	99,9%
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 22. maí 2023.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 38 með ársreikningi 2022.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar frh.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandarískan dollar (USD) og Evru (EUR) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessara starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

c. Sala á köldu vatni

OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

d. Fráveita

OR - vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

e. Aðrar tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Tekjur Carbfix félaganna eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2023	2022
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rafmagn.....	6.144.763	6.598.558
Heitt vatn.....	5.834.814	5.055.732
Kalt vatn.....	915.238	898.073
Fráveita.....	1.656.758	1.627.958
Aðrar tekjur.....	1.619.811	1.475.319
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	16.171.384	15.655.640

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans og Carbfix félaganna*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðipjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix félagin vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022.

Rekstrarstarfspættir - svið

1.1.-31.3. 2023

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	10.261.627	4.838.397	1.074.009	0		16.174.033
Tekjur innan samstæðu	1.069.543	1.997.809	2.389.595	(5.456.948)		0
Tekjur starfspáttá	11.331.170	6.836.206	3.463.604	(5.456.948)		16.174.033
Rekstrargjöld starfspáttá	(5.829.082)	(3.277.374)	(2.807.749)	5.431.339	92.827	(6.390.040)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	5.502.088	3.558.833	655.855	(25.609)	92.827	9.783.993
Afskriftir	(1.737.117)	(1.431.767)	(636.343)	15.355	(38.906)	(3.828.778)
Afkoma starfspáttá, EBIT	3.764.970	2.127.066	19.512	(10.254)	53.921	5.955.215
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.509.714)	(957.340)	55.893	589.126	(15.991)	(2.838.026)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	6.650	0		6.650
Tekjuskattur	(214.373)	(238.762)	(36.981)	(274.598)	(14.262)	(778.976)
Hagnaður tímabilsins	1.040.883	930.964	45.075	304.274	23.668	2.344.864

1.1.-31.3. 2022

Tekjur frá þriðja aðila	9.736.237	5.047.804	879.903	0		15.663.944
Tekjur innan samstæðu	947.376	1.496.686	2.419.952	(4.864.014)		0
Tekjur starfspáttá	10.683.614	6.544.490	3.299.854	(4.864.014)		15.663.944
Rekstrargjöld starfspáttá	(4.819.406)	(2.718.209)	(2.759.795)	4.841.389	87.331	(5.368.689)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	5.864.207	3.826.282	540.060	(22.625)	87.331	10.295.255
Afskriftir	(1.539.718)	(1.259.806)	(482.311)	13.608	(33.795)	(3.302.022)
Afkoma starfspáttá, EBIT	4.324.490	2.566.475	57.749	(9.017)	53.536	6.993.233
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.929.876)	(5.436.880)	1.084.715	10.101.540	(15.336)	3.804.163
Tekjuskattur	(375.882)	(575.442)	(405.175)	(3.795.593)	(14.363)	(4.015.572)
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.018.732	(2.294.963)	737.289	6.296.929	23.837	6.781.824

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttá taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspáttir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (31.3.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	213.698.020	144.590.271	47.921.402	(261.239)		405.948.453
Leigueignir					2.200.444	2.200.444
Aðrar eignir	26.860.088	13.419.154	189.078.501	(189.142.619)		40.215.124
						<u>448.364.021</u>
Vaxtaberandi skuldir	77.144.996	57.387.661	167.790.376	(134.932.657)		167.390.376
Leiguskuldir					2.248.556	2.248.556
Aðrar skuldir	18.787.789	11.740.091	57.469.696	(55.325.802)		32.671.775
						<u>202.310.707</u>
Fjárfestingar (1.1.-31.3.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	2.626.448	476.330	2.259.348	(984.944)		4.377.182
Efnahagur (31.12.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	212.808.689	149.985.284	47.073.723	0		409.867.696
Leigueignir					2.180.951	2.180.951
Aðrar eignir	23.181.593	11.637.831	189.044.494	(185.042.458)		38.821.461
						<u>450.870.108</u>
Vaxtaberandi skuldir	75.471.782	59.629.752	170.806.194	(135.101.533)		170.806.194
Leiguskuldir					2.266.994	2.266.994
Aðrar skuldir	16.934.061	11.334.039	53.926.153	(50.833.411)		31.360.842
						<u>204.434.030</u>
Fjárfestingar (1.1.-31.3.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	2.184.333	570.654	1.153.253	0		3.908.240

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttá taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	84.562	45.110
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(1.646.857)	(1.102.465)
Áfallnar verðbætur	(2.535.278)	(1.696.564)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(119.084)	(125.103)
Vaxtagjöld samtals	(4.301.219)	(2.924.132)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	581.853	10.094.663
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	183.875	(109.008)
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	(101.291)	(3.720.631)
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	62.260	(753.958)
Gengismunur	407.979	962.046
Arðstekjur	243.955	210.072
Aðrar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals	1.378.632	6.683.185
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(2.838.026)	3.804.163

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,81% (2022: 0,82%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,65% (2022: 0,63%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 119 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 (1.1.-31.3.2022: 125 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 664 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 (1.1.-31.3.2022: tekjufærsla að fjárhæð 6.265 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er tekjufærsla að fjárhæð 582 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023 (1.1.-31.3.2022: tekjufærsla að fjárhæð 10.095 milljónir kr.).

7. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilareglur.

Skýringar

8. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	31.3.2023		31.12.2022	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	167.390.376	174.470.753	170.806.194	177.796.952

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	31.3.2023		31.12.2022	
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	10,78% til 12,61%		11,11% til 12,44%	
Áhættuvarnarsamningar	4,62% til 5,26%		4,3% til 5,4%	
Vaxtaberandi skuldir	0,49% til 8,69%		0,49% til 12,72%	

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 27 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árs hlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

31.3.2023	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.687.680	5.687.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	2.140.963	2.140.963
Áhættuvarnarsamningar	0	133.578	0	133.578
Markaðsverðbréf	12.112.322	0	0	12.112.322
	12.112.322	133.578	7.828.643	20.074.544

31.12.2022	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.687.680	5.687.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	1.559.109	1.559.109
Áhættuvarnarsamningar	0	234.870	0	234.870
Markaðsverðbréf	11.070.605	0	0	11.070.605
	11.070.605	234.870	7.246.789	18.552.264

Skýringar

9. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félag undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélag, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisrekesturs viðkomandi aðila.

	2023	2022
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	416.034	390.787
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	179.989	168.043
	<u>596.023</u>	<u>558.830</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	34.148	6.212
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	26.075	18.080
Hlutdeildarfélag	26.598	24.679
	<u>86.821</u>	<u>48.971</u>
	31.3.2023	31.12.2022
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	174.955	464.740
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	60.980	38.505
	<u>235.935</u>	<u>503.245</u>
Skuldir við tengda aðila í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	171.647	238.416
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	891	975
Hlutdeildarfélag	29	0
	<u>172.567</u>	<u>239.391</u>
	2023	2022
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Ábyrgðargjald greitt til eigenda á tímabilinu:		
Reykjavíkurborg	110.820	116.390
Akraneskaupstaður	7.655	8.039
Borgarbyggð	609	673
	<u>119.084</u>	<u>125.103</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda í ofangreindu yfirliti er fært meðal vaxtagjalda í rekstrarreikningi. Sjá umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 6.

Skýringar

10. Önnur mál

Kaup á stofnneti Sýnar

Þann 2. desember 2022 skrifuðu Ljósleiðarinn ehf. og Sýn hf. undir 3 milljarða kr. kaupsamning Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og 12 ára þjónustusamning á milli fyrirtækjanna. Gengið hefur verið frá fjármögnun, en fyrirvari er í samningunum um samþykki Samkeppniseftirlitsins, en kaupin teljast samruni í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005 sem tilkynna þarf til Samkeppniseftirlitsins. Rannsókn á samrunanum stendur nú yfir. Búist er við að niðurstaða liggi fyrir á öðrum eða þriðja ársfjórðungi 2023.

Raforkusamningi við Norðurál vísað til alþjóðlegs gerðardóms

Á árinu 2022 var hafið formlegt ferli af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), þar sem ágreiningi um forsendur raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á, var vísað til alþjóðlegs gerðardóms. Málið lýtur að kröfu OR um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem OR hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Í kjölfarið hófust viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið. Ráðuneytið samdi í lok árs 2022 við félög í eigu ríkisins um kaup á hlut þeirra í Landsneti, en ráðuneytið vildi klára þá samninga áður en gengið væri frá kaupum þess á hlut OR. Bókfært verð eignahlutarins er metið á 5,6 milljarða kr. 31.03.2023 og er fært á meðal veltufjármuna, sjá nánar skýringu 16. með ársreikningi 2022. Stefnt er að því að gengið verði frá sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2023.

Viðgerð á höfuðstöðvum

Í lok ágúst 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði OR að Bæjarhálsi 1. Aðgerðir stjórnenda OR hafa frá upphafi miðast að því að skapa fólki viðunandi vinnuaðstöðu og hafa helstu sérfræðingar verið hafðir með í ráðum við helstu ákvarðanir. Þá hefur verið reynt að leita skynsamlegustu leiða til að ráða bót á skemmdum og einnig að grafast fyrir um orsakir þeirra. Árið 2017 var húsinu lokað og starfsemin færð annað. Ákveðið var að fara í ítarlega valkostagreiningu og skoða þá möguleika sem voru í stöðunni. Niðurstaðan var að fjarlægja gallaða útveggi hússins, rétta það af og endurbyggja veggina. OR hefur gert verksamning um endurbætur á húsnæðinu við Ístak. Framkvæmdir hófust í maí 2021 og eru aðeins á eftir áætlun, áætluð verklok eru í maí 2023 en upphaflega var stefnt að verklokum 20.mars s.l. Upphæð verksamnings við Ístak er um 1.580 milljónir kr., en áfallinn framkvæmdakostnaður af verksamningi við Ístak er um 1.532 milljónir kr. Viðbótarframkvæmdakostnaður, sem felst í greiðslu verðbóta til Ístaks, auka-, og viðbótarverka ásamt kostnaði við færslu stjórnstöðva sem eru bókfærðar á verkefni nemur nú um 200 milljónum kr. Undirbúningur nauðsynlegra endurbóta innanhúss í vesturhúsi er hafinn og stefnt er að því að útboðsferli verkframkvæmdar hefjist í júní 2023. Einnig er unnið að undirbúningi framkvæmda í hvolfrými. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í hvolfrými síðsumars 2023.

Skýringar

10. Önnur mál, frh.

Vatnstjón hjá Vatns- og fráveitu

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita stóð fyrir framkvæmdum við Suðurgötu sem m.a. fólust í endurnýjun á lögnum. Aðfararnótt 21. janúar 2021 fór stofnlögn vatns í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í byggingar Háskóla Íslands. Tjónþoli fékk dómkvadda matsmenn til að meta umfang tjónsins og skiluðu þeir matskýrslu til tjónþola í janúar 2022. Í því undirmati var kostnaður vegna endurbóta metinn samtals 123,6 milljónir króna. Þann 4. mars 2022 lagði tjónþoli inn beiðni hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma yfirmat. Með bréfi, dagsettu 16. maí 2022 gerði tjónþoli skaðabótakröfu á Veitur ohf., VÍS og fleiri aðila um óskipta ábyrgð á greiðslu á tæplega 224 milljónum króna auk vaxta og dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með sameiginlegu bréfi VÍS og Veitna ohf., dagsettu 27. maí 2022. OR - vatns- og fráveita er með frjálssa ábyrgðatryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á félagið. Skilmálar þeirrar tryggingar mæla fyrir um 5 milljóna króna sjálfsábyrgð og 50% af fjárhæð tjóns eftir það. Þak tryggingarinnar er 300 milljónir króna.

Málaferli og kröfur

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Fjarskiptastofa, þá Póst- og fjarskiptastofnun, birti ákvörðun um þann 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmennt Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, Ljósleiðarans ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og hefur áfrýjunarleyfið verið samþykkt af Hæstarétti auk þess hefur áfrýjunarstefna verið gefin út af Hæstarétti. Málsmeðferð fyrir Hæstarétti hófst 3. maí 2023 og liggur niðurstaða ekki fyrir við útgáfu árshlutareikningsins.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 31.3.2023.